

Afbrotatölfræði 2017

1. janúar—31. desember 2017

Útgefið af:

Ríkislögreglustjórinn

<http://www.logreglan.is>

Útgefið í ágúst 2018



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður	5
Aðferðir og gögn.....	6
Heildarfjöldi afbrota á Íslandi	7
Fjöldi brota miðað við íbúafjölda.....	8
Magn fíkniefna	9
Heildarfjöldi brota á Íslandi, allir helstu flokkar árin 2016-2017.....	10
Viðauki I: Lögregluembættin á landakorti.....	11

Helstu niðurstöður

- Hegningalagabrotum fjölga um 6% milli ára og um einnig 6% sé litið til meðaltals 2014-2016.
- Þegar litið er nánar á flokka innan **hegningarlaga** má sjá að auðgunarbrot voru 1% færri 2017 miðað við meðaltal síðustu þriggja ára. Hins vegar fjölgaði brotum gegn friðhelgi einkalífs um 26%, brotum gegn valdstjórninni um 20%, skjala- og peningafalsi um 17% og ofbeldisbrotum um 12% miðað við meðaltal síðustu þriggja ára.
 - ◆ Þjófnaðir og innbrot eru stærsti hluti auðgunarbrota. Innbrotin voru 1.060 sem jafngildir um þremur brotum á dag (2,9 brot) og voru brotin 8% færri en síðustu þrjú ár á undan. Þjófnaðir voru 3.725 sem jafngildir rúmum 10 slíkum brotum á dag (10,5 brot). Brotin voru 3% fleiri miðað við síðustu þrjú ár á undan. Fjársvikum fjölgaði miðað við síðustu þrjú ár um 22%, en skv. flokkun brotanna í málaskrárkerfi lögreglu féllu fleiri þessara brota undir netbrot 2017 en síðustu ár á undan.
 - ◆ Brot gegn friðhelgi einkalífs voru um fjórðungi fleiri en síðustu þrjú ár. Þegar skoðað er nánar hvaða brotaflokkar falla þar undir má sjá að hótanir eru stærstur hluti brotanna, eða 439 brot og húsbrot þar á eftir, en þau voru 343 árið 2017.
 - ◆ Brot gegn valdstjórninni voru fimmtungi fleiri en að meðaltali 2014-2016. Flest brotin falla undir „fyrirmælum lögreglu ekki hlýtt“, en slík brot voru 258 og fjölgaði um tæpan þriðjung miðað við síðustu 3 ár. Næst flest innan brotaflokksins falla undir „ofbeldi gagnvart lögreglumanni“ og voru brotin 88 árið 2017, eða 9% fleiri en síðustu þrjú ár.
 - ◆ Innan skjala- og peningafals er brotaflokkurinn „fölsun, skjalafals og annað“ með flest brot, eða 148 brot. Þá féllu 66 brot undir peningafals sem er talsvert fleira en síðustu þrjú ár þegar brotin voru að meðaltali 12.
 - ◆ Þrjú manndráp voru framin árið 2017. Þá voru tilraunir til manndráps átta sem eru fleiri slík brot en síðastliðinn 16 ár, eða frá því lögregla byrjaði að taka saman tölur árið 2001.
- Þegar flokkar innan **sérrefsilaga** eru skoðaðir nánar má sjá að fíkniefnabrot og áfengislagabrot eru 52% brotanna. Brotin voru svipuð að fjölda og síðustu 3 ár á undan. Mjög margir ólíkir brotaflokkar falla undir sérrefsilagabrot. Þegar rýnt er nánar í aðra flokka en fíkniefnabrot og áfengislagabrot má sjá t.d. að brot gegn vopnalögum voru 528 árið 2017, en 362 árið á undan. Þá voru brot gegn lyfjalögum 330 árið 2017, eða 56% fleiri brot en árið á undan og brot á lyfjasöslögum 87, en voru 28 árið á undan. Brot sem féllu undir „tollalög, ólöglegur innflutningur“ voru 192 árið 2017 en 114 árið á undan. Þá voru brot gegn barnaverndarlögum 204 sem er svipaður fjöldi og árið á undan.
- **Umferðarlagabrot** voru um 70 þúsund, en hraðakstursbrot eru þar langflest eða rúmlega 55 þúsund sem jafngildir 79% allra umferðarlagabrota. Þegar umferðarlagabrot eru skoðuð niður á íbúa má sjá að flest umferðarlagabrot á íbúa eru á Suðurlandi og Norðurlandi vestra (4.317 og 4.278). Stafræn hraðamyndavél er staðsett í umdæmi Suðurlands, en ekki á Norðurlandi vestra.
- Magn fíkniefna má finna töflu 2. Þar má sjá að mest var haldlagt af maríjúana eða 34 kg. og næst mest af kókaíni, eða 27 kg. Þá var lagt óvenju mikið magn af hassi miðað við síðustu ár, en langstærsti hlutinn fannst í einu máli og var efnið ætlað til sölu á Grænlandi.
- Þegar fjöldi brota er skoðaður eftir íbúafjölda og lögregluembættum má sjá að flest hegningarlaga brot á íbúa voru tilkynnt til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, eða 425 á hverja 10 þúsund íbúa og þar á eftir voru Vestmannaeyjar með 350 brot á hverja 10 þúsund íbúa. Flest sérrefsilaga brot á íbúa voru í Vestmannaeyjum, eða 266 slík brot á hverja 10 þúsund íbúa og þar á eftir var lögreglan á Suðurnesjum með 221.
- Upplýsingar um fjölda brota í hverjum brotaflokki birtast einnig í töflunni „Talning brota – allt landið“ á vef lögreglunnar, www.logreglan.is

Aðferðir og gögn


- Gögnin voru tekin út 03.04.2018.
- Afbrotatölfræði 2017 nær yfir brot sem skráð voru í málaskrárkerfi lögreglunnar árið 2017. Embætti ríkislögreglustjóra tekur saman tölur um afbrot fyrir allt landið.
- Frá árinu 2015 eru lögregluembætti á landinu níu.
- Eitt tilvik getur falið í sér fleira en eitt brot og brot er talið í því lögregluumdæmi sem það er tilkynnt í eða skráð.
- Ekki eru öll brot tilkynnt lögreglu, en sum eru líklegri til að vera tilkynnt en önnur. Til dæmis eru innbrot líklegri til að vera tilkynnt en kynferðisbrot, sjá skýrslu um reynslu landsmanna af afbrotum <http://www.logreglan.is/utgafa/tolfraedi/fraedilegar-rannsoknir/>
- Brot á íbúa voru reiknuð út frá tölum Hagstofunnar um meðalmannfjölda. Fjöldi brota eftir landsvæðum miðað við íbúafjölda er ekki reiknaður fyrir embætti ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara og embætti héraðssaksóknara. Brot skráð á þessi þrjú embætti eru hins vegar talin með í heildarfjölda brota á landinu öllu miðað við íbúafjölda.
- Árið 2005 hóf lögreglan notkun á núverandi skráningarkerfi og því þarf að gæta að samanburði á upplýsingum fyrir og eftir það ár. Breytingarnar fólu í sér að brot og verkefni voru skráð út frá brotaflokkum fyrir árið 2005 en eftir það voru brot skráð eftir lagagreinum.
- Margir koma að skráningu gagna og því er ekki víst að forsendur skráningar séu ávallt þær sömu þótt leiðbeiningar um skráningu liggi fyrir. Þá voru viss brot ekki fullrannsökuð þegar upplýsingar fyrir árið 2017 voru teknar saman.
- Í lok árs 2014 tóku gildi uppfærðar verklagsreglur um heimilisofbeldi sem hafði þau áhrif að fleiri líkamsárásir og brot gegn friðhelgi einkalífs voru skráð vegna aukinnar áherslu á málaflokkinn.
- Almenn hegningarlög, nr. 19/1940, ná yfir brot er varða líkamsmeiðingar, manndráp, kynferðisbrot, auðgunarbrot, eignaspjöll og nytjastuld. Einnig falla brot gegn friðhelgi einkalífs, skjalafalsbrot og brot gegn valdstjórninni undir almenn hegningarlög.
- Sérrefsilögin taka til ákveðinna tegunda brota. Af þeim eru áfengis- og fíkniefnabrot helst til umfjöllunar í skýrslunni. Fíkniefnabrot falla undir lög um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, og áfengislagabrot falla undir áfengis- lög, nr. 75/1998. Tvö ákvæði úr sérrefsilögum eru felld undir umfjöllun um brot gegn valdstjórninni þar sem þau fjalla um störf lögreglunnar. Þá eru stórfelld fíkniefnabrot (skv. 173a.1 gr. hegningarlaga nr. 19/1940) talin með fíkniefnabrotum frá árinu 2012.
- Umferðarlagabrot, nr. 50/1987, ná yfir brot er taka til ökumanna, ökutækja og gangandi vegfarenda. Stór hluti umferðarlagabrota eru hraðakstursbrot og þar eru sjálfvirkar stafrænar hraðamyndavélar stórtækar og hafa því áhrif á fjöldatölur í þeim embættum sem hafa slíkar vélar.
- Sjá má lögregluembættin í viðauka 1.

Heildarfjöldi brota á Íslandi


Árið 2017 var heildarfjöldi brota **87.432*** sem jafngildir 240 brotum á dag.

- Meðalfjöldi brota árin 2014-2016 var 74.064 og var heildarfjöldi því 18% meiri 2017 en að meðaltali 2014-2016.


- Umferðarlagabrot eru svipað mörg og 2016, en vegna hraðakstursbrota á hraðamyndavélar eru umferðarlagabrot talsvert fleiri 2016 og 2017 en fyrri ár




Mynd 1. Heildarfjöldi brota eftir stærstu brotaflokkum frá 2006-2017.



Mynd 2. Fjöldi brota eftir brotaflokkum árið 2017, að meðaltali árin 2014-2016 og aukning/fækkun þar á milli.



Myndir 3. Þróun brota í völdum undirflokkum yfir 10 ára tímabil, árin 2008-2017.




Mynd 4. Fjöldi brota eftir brotaflokkum árið 2017, hlutfallsleg skipting milli embættis.


*Sjá heildarfjölda eftir öllum helstu brotaflokkum í töflu 3. **Stórfelld fíkniefnabrot meðtalin frá árinu 2012.

Fjöldi brota miðað við íbúafjölda


Íbúafjöldi er fenginn hjá Hagstofu Íslands og miðað er við meðalíbúafjölda árið 2017.



Mynd 5. Fjöldi hegningar- og sérrefsilagabrota á hverja 10.000 íbúa árin 2006-2017.



Mynd 6. Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa árin 2014-2017 eftir brotaflokkum.



Mynd 7-8. Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa árið 2017 eftir embættum og yfirflokkum.

Tafla 1. Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa árin 2016-2017 eftir embættum.

	Umferðarlagabrot		Hegningarlagabrot		Sérrefsilagabrot	
	2016	2017	2016	2017	2016	2017
Austurland	4.059	2.955	88	72	94	59
Höfuðborgarsvæðið	1.538	1.779	402	425	137	180
Norðurland eystra	1.789	1.654	182	171	124	137
Norðurland vestra	1.927	4.278	85	68	28	38
Suðurland	5.729	4.317	212	220	107	95
Suðurnes	876	793	304	328	200	221
Vestfirðir	2.964	1.946	183	212	170	131
Vestmannaeyjar	746	651	478	350	205	266
Vesturland	5.374	3.584	133	130	48	66
Samtals	2.087	2.035	330	348	135	163


*Stórfelld fíkniefnabrot meðtalin.

Magn fíkniefna

Tafla 2. Magn fíkniefna sem lögregla og tollgæsla lögðu hald á árin 2010 til 2017.

Fíkniefni	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Hass (g)	14.716	1.827	594	680	1.329	9.353	6.097	24.337*
Kannabisfræ (stk.)	0	5	21	32	73	0	0	7
Kannabisplöntur (stk.)	9.339	7.570	6.430	6.669	4.065	4.094	3.232	5.033
Kannabisplöntur (g)	1.447	12.685	32.093	47.512	12.914	7.221	12.805	19.997
Marijúana (g)	27.033	29.834	20.728	32.871	63.571	52.049	43.874	34.070
Tóbaksblandað hass (g)	379	321	309	433	361	345	440	399
Kannabislauf (g)	30.165	47.114	26.846	47.241	21.440	49.036	30.008	39.062
Kannabisstönglar (g)	3.953	6.679	6.576	7.831	3.260	11.991	12.815	11.541
Amfetamín (g)	11.137	31.839	12.169	34.189	4.784	32.849	9.838	13.588
Amfetamín (stk.)	2	8	0	300	13	7	0	9
Amfetamín (ml)	25.515	1.588	0	2.110	41	0	16	14.408
Methamfetamín (g)	11	17	4	81	105	343	1.014	518
Kókaín (g)	5.684	3.888	5.273	2.535	1.736	9.738	8.035	26.924
Kókaín (ml)	0	0	0	0	0	0	0	4.400
E-töflur (g)	155	287	1.176	116	149	11.003	2.059	4.593
E-töflur (stk.)	15.084	78.099	2.100	14.824	1.454	213.660	2.258	2.699
Heróín (g)	0	0	0	1	0	0	0	9
LSD (stk.)	504	4.489	14	115	2761	741	427	1.021

*Í einu máli var lagt hald á um 23.400 g af hassi sem ætlað var til sölu í Grænlandi.



Mynd 9. Fjöldi mála þar sem marijúana var haldlagt og meðalmagn í hverju máli, árin 2011-2016. Í einu máli geta verið skráð fleiri en eitt brot og fleiri en ein tegund efna haldlögð.

Heildarfjöldi brota á Íslandi 2016-2017

Tafla 3. Heildarfjöldi brota á Íslandi árin 2016 og 2017, allir helstu flokkar.


Fjöldi brota - helstu brotaflokkar	2016	2017	Fjöldi brota - helstu brotaflokkar	2016	2017
Manndráp (211. gr.)	1	3	Húsbrott	301	343
Mannsbani af gáleysi (215. gr.)	9	6	Brott gegn nálgunarbanni	71	104
Líkamsárás (217. gr.)	1.301	1.322	Ofsóknir	8	10
Líkamsárás, meiriháttar (218.1)	148	131	Hótanir	428	439
Líkamsárás, stórfelld (218.2)	74	103	Ærumeiðingar	43	33
Líkamsmeiðingar af gáleysi (219. gr.)	36	28	Brott gegn friðhelgi, ýmislegt	49	40
Líf eða heilsu stefnt í háska (220. gr.)	16	17	Brott gegn friðhelgi einkalífs samtals	900	969
Látíð farast fyrir að koma manni í lífsháska til bjargar (1. mgr. 221. gr.)	1	1	<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	160	69
Tilraun til manndráps (211. gr. sbr. 20. gr.)	6	8	Peningafals (150-153. gr.)	15	66
Líkamsárás, brott gegn lífi og líkama - ýmislegt*	13	52	Fölsun - greiðslukort (155. gr.)	12	4
Ofbeldisbrott samtals	1.605	1.671	Fölsun - lyfseðlar (155. gr.)	6	1
<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	18	67	Fölsun - skjalafals og annað (155. gr.)	116	148
Blygðunarsemisbrott (209. gr.)	91	59	Skjal, misnotkun skjals (157. gr.)	52	65
Nauðgun (194.1-194.2 gr.)	185	213	Skjalafals, rangfærsla skjala til að blekkja með því í lögskiptum (158. gr.)	2	2
Klám/barnklám (1.-4.mgr. 210 gr.)	61	26	Skjöl, röng notkun stimpils eða merkis (159. gr.)	28	36
Kynferðisbrott gegn börnum (200.-202. og 204. gr.)	106	97	Skjalafals, skjalasvik, útgefandi skjals gabbaður (156. gr.)	1	2
Kynferðisleg áreitni (199. gr.)	45	69	Rangfærsla sönnunargagna (162.-163. gr.)	1	0
Vændi (1.-4.mgr. 206. gr.)	5	9	Skjöl, önnur gagnabrott	0	1
Annað (197.-198. gr.)	5	3	Skjala- og Peningafals samtals	233	325
Kynferðisbrott samtals	498	476	<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	6	92
<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	56	-21	Ólöglegur tilbúningur áfengis (bruggun) (6. gr. 75/98)	11	10
Þjófnaður	3.472	3.822	Ólögleg sala áfengis (10. gr. 75/98)	10	15
Innbrott (244. gr.)	1.038	1.060	Brott á reglum um áfengis-auglýsingar (20. gr. 75/98)	3	6
Fjársvik (248. gr.)	412	463	Ölvun á almannaþæri (21. gr. 75/98)	597	670
Hylming (254. gr.)	65	104	Áfengislög, ýmislegt	32	24
Gripdeild (245. gr.)	71	51	Brott gegn áfengislögum samtals	653	725
Fjárdráttur (247. gr.)	83	82	<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	-19	72
Rán (252. gr.)	50	49	Lögreglumenn, ofbeldi gagnvart lögreglumönnum (106.-107. gr.)	70	88
Auðgunarbrott, annað	95	75	Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni (106.-107. gr.)	37	47
Auðgunarbrott samtals	5.286	5.706	Opinber starfsmaður, ofbeldi gagnvart opinberum starfsmanni (106.-107. gr.)*	6	12
<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	-796	420	Hótun um ofbeldi gagnvart opinberum starfsmanni (106.-107. gr.)	15	17
Varsla og meðferð fíkniefna (4. mgr. 2. gr. 65/74)	1.365	1.631	Fyrirmælum lögreglu ekki hlýtt (19. gr. 90/96)	186	258
Innflutningur fíkniefna (4. mgr. 2. gr. 65/74)	224	267	Lögreglumanni tálmað að gegna starfi sínu (21. gr. 90/96)	7	9
Sala og dreifing fíkniefna (4. mgr. 3. gr. 65/74)	164	190	Innsigli, innsiglirof og skemmdir á opinberri auglýsingu (113. gr.)	2	1
Framleiðsla fíkniefna (4. gr. 65/74)	93	81	Mútur (109. gr.)	2	0
Ýmis fíkniefnabrott	27	16	Fangar, aðstoð við fanga eða brottamann til að losna úr haldi (111. gr.)	1	0
Fíkniefnabrott samtals**	1.873	2.185	Fangar sammælast um stök úr fangelsi (110. gr.)	1	0
<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	-38	312	Ofbeldi, nauðung eða hótun skv. 233 gr. vegna skýrslugjafar þolanda hjá lögreglu eða fyrir dómi (108. gr.)	2	4
Akstur gegn rauðu ljósi (5. gr. 50/87)	565	583	Aðili tekur að sér eitthvert opinbert vald, sem hann ekki hefur (116. gr.)	0	0
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna (45. gr. 50/87)*	1.440	2.056	Einkennisföt eða merki sem áskilið er stjórnvöldum notað vísitandi eða af gáleysi (117. gr.)	1	2
Of hraður akstur. Hraðamæling (37. gr. 50/87)	56.859	55.122	Opinber starfsmaður, önnur tálmun á starfi opinbers starfsmanns (106.-107. gr.) og annað	4	3
Stöðvunarskylda ekki virt (5. gr. 50/87)	240	287	Brott gegn valdstjórninni - ýmislegt	3	0
Ölvun við akstur (45. gr. 50/87)	1.251	1.549	Brott gegn valdstjórninni samtals	337	441
Önnur umferðarlagabrott	9.667	10.277	<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	-24	104
Umferðarlagabrott samtals	70.022	69.874			
<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	15.931	146			
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	1.703	1.787			
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	41	58			
Eignaspjöll samtals	1.744	1.845			
<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	-23	102			
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	382	387			
Nytjastuldur - Annað	9	14			
Nytjastuldur samtals	391	401			
<i>Breytingar frá fyrra ári</i>	-22	11			

*þar af 49 brott sem féllu undir „Endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnað lífi,

10 heilsu eða velferð fjölskyldumeðlims (gr. 218b)“ en aðeins 7 árið 2016.

**Stórfelld fíkniefnabrott meðtalin.

Viðauki I: Umdæmi lögreglustjóra



Mynd 1. Lögregluembætti landsins árið 2017.

